

Fundargerð

Bogfimisamband Íslands BFSÍ

Dagsetning: **21.11.2022**

Fundinn sátu: **Guðmundur Örn Guðjónsson, Astrid Daxböck, Albert Ólafsson, Oliver Ormar Ingvarsson og Haraldur Gústafsson sat fundinn í gegnum fjarfundabúnað. Valgerði Einarsdóttir Hjaltested var boðið til fundarins með málfrelsi og tillögurétt sem starfsmanni BFSÍ.**

Fundargerð ritaði: **Oliver Ormar Ingvarsson**

Fundur settur kl. **21:00**

Á fundinum voru tekin upp eftirfarandi mál:

1. Samþykkt fundargerða fyrri stjórnarfunda

1.1. Stjórnarfundur 31.10.2022, fundargerð fylgir fundarboði.

1.1.1. **Fundargerð samþykkt**

1.1.2. Starfsmenn sjá um að birta fundargerð á vefsíðu sambandsins

2. Staða/framkvæmd verkefna af fyrri fundum.

2.1. Ráðning starfsmanna í afreksstarf (hæfileikamótun) – Í vinnslu

2.2. Breytingar á reglugerðum sem voru samþykktar á síðasta fundi birtar á vefsíðu BFSÍ – Lokið

2.3. Breytingar á stjórn hjá RSK, ÍSÍ og WA – RSK Ólokið, ÍSÍ og WA Lokið

2.4. Drög að Afreksstefnu, eru í yfirllestri hjá starfsfólki ÍSÍ. Merkt sem lokið þar sem haldið er utan um stöðu verkefna fyrir stjórnarfund í önnur mál – Lokið

2.5. Umsókn í Afrekssjóð ÍSÍ – Ólokið

3. Samþykkt á milli stjórnarfunda

3.1. Ekkert.

4. Tillaga um samþykkt allra tillaga í fundarboði án breytinga:

(stjórn óskaði eftir því að þessum lið yrði bætt við á stjórnarfundum á stjórnarfundum 22.12.2021)

Tilgangur þessarar tillögu er að ef að sátt er þegar til staðar um öll atriði og forsendur þeirra, í ítarlegu fundarboði sem formaður sendir út, að mögulegt sé að samþykkja allar tillögur í fundarboði einu bretti og ljúka fundi fyrr. Ef tillagan er samþykkt einróma þá telst allt neðangreint samþykkt í samræmi við fundarboðið og er þá farið beint í liðinn „Önnur mál“. Ef tillagan er ekki samþykkt einróma verður farið yfir hverja tillögu í fundarboði fyrir sig, lið fyrir lið.

4.1. **Formaður fer í stuttu máli yfir allar tillögur í fundarboði.**

4.2. **Guðmundur og Valgerður stíga frá fundi við afgreiðslu tillögu.**

4.3. **Opnað fyrir umræður um tillögu:**

4.3.1. **Gjaldkeri fer stutt yfir fjármál BFSÍ, stöðu og viðbótar kostnað vegna tillaganna.**

4.4. **Tillaga samþykkt einróma**

4.5. **Ákveðið að launabreytingarnar taki gildi í desember 2022**

4.6. **Guðmundur og Valgerður kölluð aftur inn til fundar eftir afgreiðslu tillögu.**

5. Tillaga um aukningu starfshlutfalls Íþróttastjóra úr 70% starfi í 100% starf:

Í samræmi við heildarstefnu BFSÍ og Aðgerðaáætlun Afreksstarf, er áætlað er að ráða Íþróttastjóra endanlega í 100% starf. Aukning á afreksstarfi sambandsins er gífurleg og m.a. er útlit fyrir að Ísland verði meðal stærstu þjóða í þátttöku í nokkrum landsliðsverkefnum á árinu. Íþróttastjóri hefur einnig sinnt mörgum verkefnum framkvæmdastjóra frá því að hann lét af störfum 2021, og áætlað að Íþróttastjóri muni halda því áfram. Tillaga um aukningu starfshlutfalls er því í samræmi við aukningu á verkefnum.

5.1. Samþykkt einróma í samræmi við lið 4

5.2. Gjaldkera falið að framkvæma breytinguna.

6. Tillaga um endurnýjun starfssamnings og aukningu starfshlutfalls starfsmanns BFSÍ (Valgerðar) úr 80% starfi í 100% starf:

Tímabundinn starfssamningur til reynslu við Valgerði E. Hjaltested sem starfsmanns BFSÍ til 12 mánaða mun renna út í lok desember. Tillaga um að gera nýjan ótímabundin samning í 100% starfshlutfalli og að starfsmaðurinn taki einnig að sér hluta af hæfileikamótun sambandsins í Afreksstarfi til viðbótar við núverandi verkefni (mót, útbreiðslu og fræðslu). Tillagan felur einnig í sér breytingu á starfsheiti í Móta og fræðslustjóri til að endurspegla helstu hlutverk starfsins.

6.1. Samþykkt einróma í samræmi við lið 4

6.2. Gjaldkera falið að framkvæma breytinguna

7. Umsókn í Afrekssjóð ÍSÍ:

Íþróttastjóri leggur fyrir umsókn í Afrekssjóð ÍSÍ til samþykktar.

Eftir síðasta stjórnarfund ræddi Íþróttastjóri/formaður við alla stjórnarmenn um Afreksstarf BFSÍ 2023 og umsókn í Afrekssjóð ÍSÍ 2023 eftir að rammi barst frá ASJ. Þar fór Íþróttastjóri m.a. yfir öll viðmið í reglugerð Afrekssjóðs ÍSÍ um flokkun sérsambanda. Allir stjórnarmenn voru þeirrar skoðunar að miðað við viðmið í reglugerð um ASJ sé líklegt að BFSÍ hafi þegar náð öllum viðmiðum fyrir A/Afrekssérsambönd og því ætti stjórnin að senda inn umsókn í samræmi við A/Afrekssérsamband til þess að fá slíkt metið af Afrekssjóði ÍSÍ sem er matsaðili á slíkri flokkun. Hvort sem BFSÍ verður metið sem A/Afrekssérsamband eður ei árið 2023 af ASJ, þá væri það gott fyrir BFSÍ að senda inn slíka umsókn upp á að ef BFSÍ nær ekki slíku mati 2023 þá er líklegt að sambandið fái upplýsingar um hvaða viðmiðum A/Afrekssérsambanda BFSÍ hefur ekki náð að mati ASJ, ef einhver eru. Íþróttastjóri breytti því drögum að umsókn BFSÍ í Afrekssjóð ÍSÍ 2023 í samræmi við A/Afrekssérsamband og aðlagði umsókn að ramma sjóðsins sem barst til BFSÍ 17.11.2022. Íþróttastjóri leggur því fyrir uppfærða umsókn í samræmi við óskir stjórnarmanna formlega til samþykktar. (fylgir fundarboði)

7.1. Samþykkt einróma í samræmi við lið 4

7.2. Íþróttastjóra falið að ljúka umsókn í Afrekssjóð ÍSÍ

8. Tillaga að 50.000.kr verðlaunafé fyrir Bikarmeistara BFSÍ innandyra:

Tillaga um að bæta við 50.000.kr verðlaunafé fyrir sigurvegara Bikarmótaraða BFSÍ innandyra. Verðlaunaféð mun stuðla að aukinni þátttöku sem mun einnig stuðla að aukinni innkomu BFSÍ af

Þátttökugjöldum á Íslandsbikarmótum. Því eru góðar líkur á því að tekjur sem myndast vegna verðlaunfjárupphæða verði meiri en upphæð verðlaunafjár sem er boðið upp á. Á sama tíma er það stuðningur fyrir það Afreksfólk sem sigrar. Kostnaðurinn við þetta fyrirkomulag væri þá 150.000.kr á ári fyrir BFSÍ, þar sem Bikarmót BFSÍ er kynlaus keppni og keppt í þremur greinum (trissuboga, sveigboga og berboga).

8.1. Samþykkt einróma í samræmi við lið 4

8.2. Starfsmönnum og gjaldkera BFSÍ falið að framkvæma tillöguna

9. Önnur mál. (önnur mál sem kynnt eru í fundarboði, almennt ekki mál sem taka þarf ákvarðanir um, mest umræður/kynningar/upplýsingar og staða mála og ýmissa verkefna stjórnar)

9.1. Undirbúningur fyrir Bogfimiþing 2023

9.1.1. Áætlaður staður og dagsetning – 11 mars í Íþróttamiðstöðin Laugardal, búið að bóka hjá Cafe Easy en tími og salur ekki staðfestur en sem komið er.

9.1.2. Ársskýrsla 2022 – Drög þegar í vinnslu um 65% lokið

9.1.3. Ársreikningur 2022 – Í vinnslu

9.1.4. Fjárhagsáætlun til 2 ára – Í vinnslu

9.1.5. Endurskoðun á lögum BFSÍ – Í vinnslu, drög eru hjá laganefnd ÍSÍ mati sem stendur.

9.1.6. Afreksstefna breytingar til samþykktar – Í vinnslu, drög eru hjá Afreks- og Ólympíusviði í yfirlestri/mati.

9.1.7. Aðgerðaáætlun Afreksstarfs – Lokið. Óbreytt, verður kynnt á þingi (það þarf að vinna að nýrri/uppfærðri áætlun fyrir þing 2025)

9.1.8. Heildarstefna – Lokið. Óbreytt, verður kynnt á þingi (það þarf að vinna að nýrri/uppfærðri áætlun fyrir þing 2025)

9.1.9. Þingforseti – Valdimar Leó Friðriksson.

9.1.10. Þingritari – Í vinnslu

9.2. Formaður fjallar um mögulega ráðningu Dubravko Buden í hlutastarf í samræmi við lið 2.1 í fundargerðinni. Starfið fælist í því að halda reglubundnar æfingabúðir í afrekstarfi, með áherslu á hæfileikamótun. Buden var landsliðsþjálfari Króatíu og Austurríkis um langt skeið á ferlinum, og starfar núna lausráðinn m.a. fyrir Lúxemborg, Austurríki og heimssambandið í verkefnum og æfingabúðum. Íþróttastjóri fékk Buden til að halda æfingabúðir fyrir aðila á leið á EM innandyra og í hæfileikamótun í nóvember. Íþróttastjóri mun meta frammistöðu hans eftir æfingabúðirnar og fá endurgjöf frá íþróttafólkinu. Ef Buden fellur vel að markmiðum og íþróttafólki BFSÍ mun íþróttastjóri leggja til slíkt samstarf.

9.3. Almenn umræða um næstu og núverandi verkefni stjórnar

Fundi slitið kl. **21:17**